

REGLUGERÐ

um úthlutun á opnum tollkvótum á svínasiðum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka IV A við 12. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og verð- og magn-toll:

<i>Tollskrárn.</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magn-tollur kr./kg
	<i>Svínakjöt, fryst:</i>				
	-- Annað:				
ex0203.2902	Annað - svínasiður með beini	29.04.-30.09.16	ótilgr.	0	162
ex0203.2909	Annað - svínasiður beinlaust	29.04.-30.09.16	ótilgr.	0	205

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A búvörulaga nr. 99/1993 með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. september 2016.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. apríl 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Baldur Sigmundsson.